

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2022

2023/EES/75/21

frá 3. febrúar 2023

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) og bókun 37 (sem inniheldur skrána sem kveðið er
á um í 101. gr.) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 frá 6. júlí 2016 varðandi ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í öllu Sambandinu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/151 frá 30. janúar 2018 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 að því er varðar frekari forskriftir varðandi þá þætti sem veitendur stafrænnar þjónustu eiga að taka tillit til í því skyni að stýra þeirri áhættu sem steðjar að öryggi net- og upplýsingakerfa og varðandi þær kennistærðir sem notaðar eru til að ákvarða hvort atvik hafi verulega skerðandi áhrif ⁽²⁾.
- 3) Svo framkvæmd EES-samningsins sé sem skyldi, ber að láta bókun 37 taka til samstarfshópsins sem komið er á fót með tilskipun (ESB) 2016/1148.
- 4) XI. viðauka og bókun 37 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 5cp (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 526/2013) í XI. viðauka við samninginn:

„5cpa. **32016 L 1148:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 frá 6. júlí 2016 varðandi ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í öllu Sambandinu (Stjtið. ESB L 194, 19.7.2016, bls. 1).

Tilhögun samstarfs EFTA-ríkjanna í samræmi við 101. gr. samningsins:

EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum samstarfshópsins og skulu innan hans hafa sömu réttindi og skyldur og aðildarríki ESB, án atkvæðisréttar.

5cpaa. **32018 R 0151:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/151 frá 30. janúar 2018 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 að því er varðar frekari forskriftir varðandi þá þætti sem veitendur stafrænnar þjónustu eiga að taka tillit til í því skyni að stýra þeirri áhættu sem steðjar að öryggi net- og upplýsingakerfa og varðandi þær kennistærðir sem notaðar eru til að ákvarða hvort atvik hafi verulega skerðandi áhrif (Stjtið. ESB L 26, 31.1.2018, bls. 48).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 194, 19.7.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 26, 31.1.2018, bls. 48.

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við bókun 37 við EES-samninginn:

„47. Samstarfshópurinn (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 frá 6. júlí 2016 varðandi ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í öllu Sambandinu).“

3. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2016/1148 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/151, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.